



# Innviðasjóður

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Niðurstöður og ábendingar .....	3
3	Fjárveitingar og rekstur .....	4
3.1	Fjárveitingar .....	4
3.2	Rekstraráætlun.....	4
3.3	Niðurstaða.....	4
4	Innra eftirlit.....	5
4.1	Inngangur .....	5
4.2	Umfjöllun .....	5
4.3	Niðurstaða.....	5
5	Endurskoðun rekstrarliða .....	6
5.1	Rekstrartekjur .....	6
5.2	Rekstrargjöld .....	6
5.3	Fjármagnstilfærslur/styrkir .....	6
5.4	Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	6
5.5	Niðurstaða.....	6
6	Endurskoðun efnahagsliða .....	7
6.1	Eignir .....	7
6.1.1	Ríkissjóður.....	7
6.1.2	Handbært fé.....	7
6.2	Eigið fé og skuldir .....	7
6.2.1	Höfuðstóll .....	7
6.2.2	Ógreiddir samþykktir styrkir .....	8
6.2.3	Skammtímaskuldir .....	8
6.3	Niðurstaða.....	8
7	Önnur atriði .....	9
7.1	Lögfræðibréf .....	9
7.2	Óhæðisyfirlýsing.....	9
7.3	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	9

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Innviðasjóði, fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi stofnunarinnar og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í reikningsskilunum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga hefur Fjársýsla ríkisins ekki lokið við gerð ársreiknings stofnunarinnar. Því tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirbyggjandi ársreikningur. Stjórnendur Innviðasjóðs, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Innviðasjóðs var síðast endurskoðaður 2014 vegna ársins 2013.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Innviðasjóði fyrir árið 2017 er lokið, með fyrirvara um viðbótarskoðun ef niðurstaða breytist frá fyrirbyggjandi stöðu í bókhaldi stofnunarinnar í júlí 2018 þegar endurskoðun fór fram.

Eftirfarandi eru niðurstöður og ábendingar sem komið er á framfæri vegna endurskoðunar ársins 2017.

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Á árinu 2017 voru gjöld umfram rekstrartekjur Innviðasjóðs 29,2 m.kr. lægri en fjárveitingar. Rekstraráætlanir voru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins. Ríkisendurskoðun bendir á að skoða þarf skiptingu fjárveitinga í samræmi við raunkostnað og rauntekjur.

### 2. Innra eftirlit

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Innviðasjóði varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda og í föstum skorðum hjá Rannsóknamiðstöð Íslands.

### 3. Endurskoðun rekstrarliða

Ríkisendurskoðun bendir á að þóknanir stjórna eru almennt greiddar í gegnum launakerfi ríkisins. Það sama á við um tilfallandi lausráðin störf nema um sé að ræða umsamda sérfræðipjónustu sem greidd er samkvæmt reikningi.

### 4. Endurskoðun efnahagsliða

Ríkisendurskoðun bendir á að bæta má gagnsæi í fjárreiðum Innviðasjóðs með því að framlög ríkissjóðs til Innviðasjóðs verði lögð inn á bankareikning sjóðsins og styrkir og önnur gjöld greidd af þeim bankareikningi í stað þess að láta innborganir og greiðslur ganga í gegnum viðskiptareikning við Rannsóknamiðstöð Íslands.

## 3 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs en fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjáraulögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Innviðasjóðs nam 70,0 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Engar breytingar voru gerðar á fjárveitingum sjóðsins á árinu frá því sem gert var ráð fyrir í fylgiritinu. Gjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 40,8 m.kr. og voru því 29,2 m.kr. lægri en fjárveitingar ársins. Gjöldin eru aðallega fjármagnstilfærslur vegna samþykktara styrkja úr Innviðasjóði.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017.

Í þús. kr.	Fjárveitingar 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-155.000	-150.000	-5.000	-150.029
Rekstrargjöld	0	1.607	-1.607	1.565
Fjármagnstilfærslur	225.000	189.233	35.767	181.545
Samtals	70.000	40.840	29.160	33.080

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til áætlanagerðar og að rekstraráætlun sé skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlun Innviðasjóðs var skráð í fjárhagskerfið fyrir árið 2017 og var áætlun í samræmi við fjárveitingar. Frávik frá rekstraráætlun kemur fram í því að styrkveitingar voru lægri en gert var ráð fyrir og ekki var áætlað fyrir rekstrargjöldum. Þá hefur sjóðurinn ekki náð að innheimta 5 m.kr. sértekjur sem gert er ráð fyrir í fjárveitingu. Æskilegt er að færa skiptingu fjárveitinga nær raunkostnaði og rauntekjum m.a. þar sem ekki hefur náðst að innheimta sértekjur að fullu undanfarin ár og ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu fyrir árlegum rekstrargjöldum.

### 3.3 Niðurstaða

Á árinu 2017 voru gjöld umfram rekstrartekjur Innviðasjóðs 29,2 m.kr. lægri en fjárveitingar. Höfuðstóll hækkaði milli ára um það sem nam tekjuafgangi ársins. Rekstraráætlanir voru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins. Skoða þarf skiptingu fjárveitinga í samræmi við raunkostnað og rauntekjur.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá fjárlagaliðnum. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur. Fjárhagsendurskoðun tekur einnig mið af því hvort rekstur fjárlagaliðarins hafi verið í samræmi við lög eftir því sem við á, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við.

### 4.2 Umfjöllun

Samkvæmt 1. t.l. laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, er umsýsla með fjárlagaliðnum hjá Rannsóknamiðstöð Íslands og þar með öll umsýsla með fjárreiður og bókhald Innviðasjóðs. Bókhald er fært í Navision (Microsoft Dynamics NAV) og niðurstöður bókhalds eru uppfærðar í fjárhagsbókhald ríkisins. Fjárslá ríkisins annast greiðslu fjárframlaga úr ríkissjóði í samræmi við fjárveitingar.

Tilgangur Innviðasjóðs er veiting styrkja til tiltekinna verkefna. Athugun á innra eftirliti takmarkaðist að þessu sinni við tekjur Innviðasjóðs og afgreiðslu styrkja. Farið var yfir verklag við úthlutun styrkja. Sérstakir samningar eru gerðir um hverja styrkveitingu, þeir undirritaðir af styrkþega og þeim sem úthluta styrkjunum. Aðgreining starfa er á milli þeirra sem veita styrki og greiða þá út. Fjárveitingar voru til staðar við veitingu styrkjanna.

Eftirtalin atriði stuðla helst að innra eftirliti og annarri reglu á bókhaldi og fjármálum Innviðasjóðs:

- ✓ Endanleg ákvörðun um úthlutun styrkja er tekin af stjórn Innviðasjóðs.
- ✓ Afgreiðsla umsókna er skráð í fundargerðir.
- ✓ Aðgreining starfa gildir við veitingu og greiðslu styrkja.

### 4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Innviðasjóði varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda og í föstum skorðum hjá Rannsóknamiðstöð Íslands.

## 5 Endurskoðun rekstrarliða

Farið var yfir helstu rekstrarliði og þeir greindir með tilliti til breytinga milli ára og leitað skýringa þar sem þess þótti þörf.

### 5.1 Rekstrartekjur

Innviðasjóður fékk 150 m.kr. lögbundið framlag frá Hapdrætti Háskóla Íslands og ekki var um aðrar tekjur að ræða hjá Innviðasjóði á árinu 2017.

### 5.2 Rekstrargjöld

Helsti útgjaldaliður Innviðasjóðs eru styrkveitingar. Veittir styrkir námu 189,2 m. kr. og aðkeypt sérfræðiþjónusta nam 1,6 m.kr.

### 5.3 Fjármagnstilfærslur/styrkir

Við endurskoðun var úthlutun úr Innviðasjóði borin saman við gjaldfærða samninga og eftirstöðvar. Styrkveitingar á árinu 2017 námu 189,2 m.kr. samanborið við 181,5 m.kr. árið áður og hækkuðu þannig um 7,7 m.kr. eða 4,2% milli ára. Til grundvallar úthlutunarreglum er 6. gr. laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Farið var yfir verklagsreglur um samþykki styrkja, úthlutun og afgreiðslu þeirra. Ekki komu fram athugasemdir við framangreind atriði.

### 5.4 Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Stærsti útgjaldaliður rekstrargjalda, fyrir utan styrkveitingar, er aðkeypt sérfræðiþjónusta alls 1,6 m.kr. Um er að ræða þóknar til stjórnar annars vegar og hins vegar til fagráðs sem leggur mat á umsóknir. Ekki eru fyrirliggjandi reikningar frá þeim aðilum sem fá greitt, heldur byggja greiðslur á tímalengd funda hjá stjórn og fjölda umsókna sem fagráðsmeðlimir fá til yfirlestrar. Þá hafa ekki verið gerðir samningar við þá aðila sem yfirfara styrkumsóknir. Ríkisendurskoðun bendir á að þóknar stjórnna eru almennt greiddar í gegnum launakerfi ríkisins og að eðlilegt er að við greiðslu sérfræðiþjónustu liggi fyrir reikningur frá þeim sem fær hana greidda.

### 5.5 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að þóknar stjórnna eru almennt greiddar í gegnum launakerfi ríkisins. Það sama á við um tilfallandi lausráðin störf nema um sé að ræða umsamda sérfræðiþjónustu sem greidd er samkvæmt reikningi.

## 6 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2017 námu eignir Innviðasjóðs 627,0 m.kr., skuldir 220,4 m.kr. og eigið fé nam 406,5 m.kr.

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Inneign hjá ríkissjóði	626.206	560.211	65.996
Skammtímakröfur	50	50	0
Handbært fé	694	22.219	-21.525
<b>Eignir alls</b>	<b>626.951</b>	<b>582.480</b>	<b>44.471</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	406.508	377.348	29.160
Ógreiddir samþykktir styrkir	216.534	205.105	11.429
Skammtímaskuldir	3.909	27	3.882
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>626.951</b>	<b>582.480</b>	<b>44.471</b>

### 6.1 Eignir

#### 6.1.1 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði. Í árslok 2017 átti sjóðurinn 626,3 m.kr. inneign á viðskiptareikningi við ríkissjóð miðað við 560,2 m.kr. í lok fyrra árs.

#### 6.1.2 Handbært fé

Handbært fé sjóðsins er varðveitt á bankareikningum. Farið var yfir afstemmingar bankareikninga og var staða þeirra í samræmi við bankayfirlit. Styrkir eru ekki greiddir út af bankareikningi sjóðsins, heldur af bankareikningi Rannís og eru færslur síðan millifærðar á milli Rannís og Innviðasjóðs í gegnum viðskiptareikning. Í bókhaldi Innviðasjóðs sjást þannig einungis færslur vegna greiðslu styrkja á viðskiptareikningi við Rannís en ekki sem hreyfingar á bankareikningi. Ríkisendurskoðun bendir á að auka má gagnsæi í fjárreiðum sjóðsins með því að nota bankareikning sjóðsins.

### 6.2 Eigið fé og skuldir

#### 6.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll fjárlagaliðarins sýnir uppsafnaðan rekstrarafgang gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2017 sýnir höfuðstóllinn að uppsafnaður tekjuafgangur er um 406,5 m.kr. og hafði staðan batnað um 29,2 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins.



## 6.2.2 Ógreiddir samþykktir styrkir

Styrkir vegna ákveðinna verkefna eru greiddir út skv. ákvæðum í samningum um skil á áfanga- og lokaskýrslum um framvindu og lok verkefna. Í ákveðnum tilfellum er veittur tiltekinn frestur á skýrsluskilum og samsvarandi frestur á greiðslu styrks.

Eftirstöðvar styrkja í árslok 2017 námu 216,5 m.kr. miðað við 205,1 m.kr. árið áður. Samþykktir styrkir vegna verkefna ná yfir þrjú ár en aðeins er gjaldfært og skuldfært á hverju ári það sem tilheyrir árinu miðað við framvindu verkefna skv. upplýsingum frá Rannís. Ríkisendurskoðun bendir á að setja þurfi reglur um fyrningarfrest ógreiddra styrkja. Sundurliðun ógreiddra styrkja var með eftirtöldum hætti:

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
Eftirstöðvar styrkja 2012	0	2.118	-2.118
Eftirstöðvar styrkja 2013	6.845	6.845	0
Eftirstöðvar styrkja 2015	3.969	21.021	-17.052
Eftirstöðvar styrkja 2016	61.264	175.122	-113.858
Eftirstöðvar styrkja 2017	144.456	0	144.456
Eftirstöðvar styrkja alls	216.534	205.105	11.429

## 6.2.3 Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir hækkuðu um 3,8 m.kr. milli árana 2016 og 2017. Viðskiptaskuld í lok árs 2017 er við Rannsóknamiðstöð Íslands en skuld í lok árs 2016 er tilkomin vegna ógreiddra viðskipta við einstaklinga á árinu.

## 6.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun mælist til að framlög ríkissjóðs til Innviðasjóðs verði lögð inn á bankareikning sjóðsins og styrkir greiddir af þeim bankareikningi í stað þess að láta innborganir og greiðslur ganga í gegnum viðskiptareikning við Rannsóknamiðstöð Íslands.

## 7 Önnur atriði

### 7.1 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi árið 2017 þar sem engin málaferli voru í gangi varðandi sjóðinn samkvæmt upplýsingum forstöðumanns Rannís.

### 7.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Innviðasjóði dagsettar 28. nóvember 2016.

### 7.3 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Innviðasjóði var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar Íslands 28. nóvember 2016.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Innviðasjóðs.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)